

Hafnarfirði, 21. apríl 2021

Minnisblað um frístundastyrk og móðurmálskennslu

Markmið frístundastyrksins í Hafnarfirði er að gera öllum börnum 6 -18 ára kleift að taka þátt í íþrótt- og tómstundastarfi óháð efnahag fjölskyldna, efla íþróttastarf og annað forvarnarstarf í Hafnarfirði. Einnig á styrkurinn að vinna gegn óæskilegu brotthvarfi í eldri aldurshópum iðkenda (<https://www.hafnarfjordur.is/ibuar/ithrottir-og-utivera/fristundastyrkir/>). Samkvæmt þessum markmiðum þá er tungumálakennsla ekki íþrótt- né tómstundastarf frekar en stærðfræði.

Þátttaka barna í íþrótt- og tómstundastarfi hefur mikið gildi fyrir öll börn og jafnvel sérstakt gildi fyrir börn af erlendum uppruna. Í gegnum íþrótt- og tómstundastarfið er tækifæri til að efla félagsleg tengsl, taka þátt í daglegu lífi íslenskra barna og þátttakan spornar gegn félagslegri einangrun. Því felast hættur bakvið það að heimila notkun frístundastyrksins fyrir tungumálanám í aukinni einangrun barna af erlendum uppruna. Efla ætti þátttöku barna af erlendum bergi brotnu í íþrótt- og tómstundastarfinu en vísbendingar úr gögnum og rannsóknum sýna hlutfallslega minni þátttöku þess hóps. Til er sérstakur hafnfirskur sjóður sem aðstoðar þennan hóp fjárhagslega til þátttöku með greiðslu gjalda og búnaðar. Tveir starfsmenn í Hvaleyrarskóla hafa unnið að því í vetur að finna börn af erlendu bergi sem ekki stunda íþróttir og aðstoða þau og foreldra til þátttöku.

Starfshópur sem skoðaði stöðu frístundastyrksins hjá Reykjavíkurborg komst að sömu niðurstöðu varðandi tungumálanám https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/skyrsla_starfshops_um_endurskodun_a_reglum_fristundakortsins_undirritad.pdf

Komist fræðsluráð að þeirri niðurstöðu að heimila notkun frístundastyrks til móðurmálskennslu þarf að breyta reglum um frístundastyrk og víkka markmið reglanna.

Gildi móðurmálskennslu er afar mikilvægt gagnvart þroska og aðlögun barna af erlendum uppruna. Móðurmálskennsla er ekki tómstundastarf og ætti þessari kennslu að vera sinnt og kostuð af skólum, ríki eða foreldrum.

Geir Bjarnason

Íþrótt- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar